



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2025

GRTE1FA05

Grunnteikning 1

Kennari	Svanur Ingvarsson	Sk.st.	SI
----------------	--------------------------	---------------	-----------

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur öðlist almenna undirstöðuþekkingu og þjálfun í teiknifræðum. Áfanginn skiptist í tvo megin efnisþætti. Í fyrsta efnisþætti er fjallað um fallmyndun og þeim seinni ásmýndun og fríhendisteikningu. Í áfanganum er gert ráð fyrir að nemendur öðlist færni í meðferð og notkun mæli- og teikniáhalda, myndrænni vinnu með viðfangsefni starfsgreina, lestur teikninga og fái grunnþjálfun í gerð vinnuteikninga og þrívíðra rissteikninga. Áfanginn er undirbúningur fyrir áframhaldandi nám í teiknifræðum og lestri vinnuteikninga.

Undanfari: Enginn

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Teikniáhöldum og notkun þeirra
- Teiknitáknum og notkun þeirra
- Lestri teikninga

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Meðferð og notkun mæli- og teikniáhalda
- Nákvæmni og vandvirkni
- Lestri teikninga
- Gerð grunnatriða vinnuteikninga
- Gerð fallmynda
- Gerð ásmýnda
- Gerð þrívíðra rissteikninga

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

Velja teikniáhöld, línugerð og tákn til að vinna fallmyndir og þrívíðar myndir samkvæmt fyrirmælum, bæði með teikniáhöldum og fríhendis.

Námsefni:

Grunnteikning 1 (mappa með teikniverkefnum og skýringum)

T-reglustrika – 40 cm.

Teiknihorn – 45° og 60°

Sirkill

Gráðubogi

Blýantar eða blýpennar 0,5 mm eða 2 mm 2H og 4H

Línuveiðari

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Merkið hverja teikningu með nafni og dagsetningu með penna. **Skila skal vikuáætlun í lok hvers viku.** Kennari kvittar í viðkomandi reit neðst á hverri teikningu og gefur símatseinkunn í Innu fyrir hverja viku, sem og sérverkefni (skilaverkefni/próf).

Áður en byrjað er á verkefnum og jafnhliða því sem þau eru unnin, er áriðandi að kynna sér skýringarnar sem eru á undan verkefnunum.

Vika	GRTE1FA05 – Verkefni vor 2025	
1. vika 12.- 18. jan	Kynning	Kennsla hefst mið. 15.
2. vika 19.-25. jan	Verkefni: 1-2-3-4-5-6-7	Fallmyndun
3. vika 26.- 1. feb	Verkefni: 8-9-10-11-12-13-14-15	Skilaverkefni 1 - nr. 11
4. vika 2.-8. feb	Verkefni: 16-17-18-19-20-21-22-23	
5. vika 9.- 15. feb	Verkefni: 24-25-26-27-28-29-30-31-32-33	Vorfrí nemenda fös.14.

6. vika 16.-22. feb	Verkefni: 34-35-36-40-41-42-43-44
7. vika 23.-1. mars	Verkefni: 45-46-47-48-49-50-51-52 Skilaverkefni 2 - nr. 51, miðannarmat 28.
8. vika 2.- 8. mars	Verkefni: 53-54-55-56-57-58-59-60 Áfangamessa 5.
9. vika 9.-15. mars	Verkefni: 61-62-64-65-66-67-68-69 Valdagur 12.
10. vika 16.-22. mars	Verkefni: 70-71-72-73-74-75-76 Kátir dagar/Flóafár 19.-21.
11. vika 23.-29. mars	Verkefni: 77A-78B-79-80-81-82-83 Skilaverkefni 3 - nr. 81
12. vika 30.-5. apríl	Ásmyndun og fríhendisteikning Verkefni: 1-2-3-4-5
13. vika 6.-12. apríl	Verkefni: 6-7-8-9 Skilaverkefni 4 - nr. 9
14. vika 13.-19. apríl	Páskafrí
15. vika 20.-26. apríl	Verkefni: 10-11-12
16. vika 27.-3. maí	Verkefni: 13-14-15-16
17. vika 4.-10. maí	Verkefni: 17-18-19-20 Skilaverkefni 5 - nr. 19 Dimisjón fös 9.
18. vika 11.-17. maí	Verkefni: 21-22-23 Klára möppu, Síðasti kennsludagur fim 15., námsmat
19. vika 18.-24. maí	Sjúkrapróf 20.,- prófsýning 21.,- brautskráning mið. 28.

Sérreglur áfangans:

Til að standast áfangann þarf nemandi að hafa skilað öllum skilaverkefnum /prófum og einnig öllum vikuáætlunum möppunnar. **Sein skil geta orsakað lægri einkunn. Einkunn lækkar um einn fyrir hverja viku sem líður. Þó er í lagi að skila í fyrsta tíma í næstu viku á eftir áætlaðan skiladag.**

Fyrirkomulag námsmats: (nákvæmni og vandvirkni vegur þungt)

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Mappa	Símat á öllum tilskyldum verkefnum möppunnar	50%
Skilaverkefni	Skilaverkefni og/eða próf af og til alla önnina, sjá áætlun	50%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar

FSu 8. janúar 2025
Svanur Ingvarsson